



Fréttabréf Brekkuskóla

7. desember 2015
1. tbl. skólaárið 2015 - 2016
Ábyrgðamenn: Stjórnendur

Kæra skólasamfélag

Þá er desembermánuður genginn í garð með öllum sínum ljósum, birtu og yl!

Eftir árshátíðarvinnu síðasta mánaðar höfum við einbeitt okkur að hefðbundnu skólastarfi en nú þegar nær dregur jólum má búast við að einhverjir árgangar brjóti upp skóladaginn með því að fara í vettvangsferðir eða skella í föndur. Af nógu er að taka, nemendum hefur verið boðið í leikhús, á tónleika og á jóla-sýningu Minjasafnsins auk þess sem við fáum rithöfunda og aðila með fjármálafræðslu í heimsókn í skólann.

Með ósk um góða aðventu og gleðilega hátíð.

Með kveðju úr skólanum

Litlu jólin - 18. desember 2015

Nemendur í 2., 4., og 10. bekk mæta klukkan 08:00 í heimastofur. Klukkan 09:00 koma þeir á sal skólans, þar sem verður dansað í kringum jólatré. Skóladegi lýkur klukkan 10:00 og Frístund opnar þá fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í 3., 6., 7. og 8. bekk mæta klukkan 09:00 í heimastofur. Klukkan 10:00 koma þeir á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatré. Skóladegi lýkur um klukkan 11:00 og Frístund verður opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í 1., 5. og 9. bekk mæta klukkan 10:00 í heimastofur. Klukkan 11:00 koma þeir á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatré. Skóladegi lýkur um klukkan 12:00. Frístund verður opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Skólabílar 18. desember verða sem hér segir:

kl. 07:35 08:35 og 09:35 Innbær - Brekkuskóli



kl. 10:15 11:15 og 12:15 Brekkuskóli - Innbær

Starfsdagur verður mánudaginn 4. janúar og nemendur í frii.

Kennsla hefst á nýju ári samkvæmt stundaskrá þann 5. janúar 2016.



Jólasveinaklúbbur

Á bókasafni skólans er í gangi Jólasveinaklúbbur sem virkar þannig að þátttakendur lesa fimm jólabækur sem þeir fá lánaðar á skólasafninu. Nemendur skrá titil bókanna og hvenær þeir fá þær lánaðar á jólabókamerki. Að lestri loknum koma nemendur með bókamerkið á safnið og draga úr jólasveinaspjöldum, einn gamlan jólasvein. Í kjölfarið fá nemendur jólasveinaskjal sem staðfestir að þeir hafi jólasveinaviðurnefni, þ.e. nafnið á jólasveininum sem þeir drógu sér úr spjöldunum. Leikurinn hefur notið mikilla vinsælda og er lestrarhvetjandi.



Lýsum upp skammdegið með endurskinsmerkjum!



Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir



Desember 2015 - Janúar 2016


		1 Bayonneskinka kartöflur, rauðkál grænar baunir, sósa og ávextir	2 Ofnbökuð ýsa, kartöflur, sósa, salat og ávextir	3 Lambapottréttur, kartöflumús, salat og ávextir	4 Pastaréttur, brauð, salat og ávextir	5
6	7 Ofnsteiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	8 Heitt slátur, kartöflur, grænmeti, sósa og ávextir	9 Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, tómatsósa, salat og ávextir	10 Tortilla, hakk, grænmeti, sósa og ávextir	11 Grjónagrautur, slátur og ávextir	12
13	14 Kjötbúðingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	15 Silungur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	16 Soðið lambakjöt, kartöflur, sósa, salat og ávextir	17 Kjöt og fiskur og alls- konar meðlæti + ávextir	18 Litlu jól	19
20	21 Frí	22 Frí	23 Frí	24 Aðfangadagur	25 Jóladagur	26 Annar í jólum
27	28 Frí	29 Frí	30 Frí	31 Gamlársdagur	1 Nýársdagur	2
3	4 Starfsdagur Frístund lokuð fyrir hádegi	5 Skóli samkvæmt stundaskrá	6	7	8	9

Myndir frá jólasýningu Minjasafnsins:




Þessi átti heima í
Amaro í gamla daga

Jóladagatal



Fyrirmyndarnemendur



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir